

# Grunnskólar

Spurt og svarað um skólastarf á hættustigi vegna COVID-19

Byggt á auglýsingu heilbrigðisráðherra um takmörkun á skólastarfi vegna farsóttar, nr. [811/2020](#), og reglugerðar nr. [864/2020](#).

## 1. Hvaða sóttvarnarráðstafanir eru í gildi í grunnskólum?

Grunnskólar starfa með hefðbundnum hætti en þar eru eftirtaldar sóttvarnarráðstafanir í gildi:

Nándarregla er í gildi í skólastarfi og þurfa kennarar og starfsmenn að halda minnst 1 metra fjarlægð sín í milli. Sé ekki hægt að tryggja minnst eins metra fjarlægð milli fullorðinna í skólastarfi er mælst til þess að fólk noti hlífðargrímur. Tryggja þarf rétta notkun grímunnar, sjá nánar í [leiðbeiningum landlæknis](#). Mikilvægt er að huga að samgangi kennara og starfsfólks og leitast við að takmarka blöndun þeirra, t.d. milli húsa og starfseininga, eins og kostur er.

Nándarregla og fjöldatakmarkanir eiga ekki við um börn og ungmenni sem fædd eru eftir 2005. Starfsfólk skóla og skólabjónustu þarf því ekki að viðhafa fjarlægðarmörk milli sín og barna á leik- og grunnskólaaldri.

Foreldrum og aðstandendum sem koma með börn inn í skólann ber að virða fjarlægðarmörk og halda minnst 1 metra fjarlægð frá öðrum foreldrum og starfsfólki. Þetta á einnig við um aðra sem koma inn í skólabyggingar, til þess að sinna t.d. viðhaldi húsnæðis eða afhenda vörur.

Sýna ber fyllstu tillitssemi og varkárni gagnvart nemendum, kennurum og starfsfólki í áhættuhópum.

Mælst er til þess að allir gæti vel að sínum einstaklingsbundnu sóttvörnum, með reglugum handþvotti og sótthreinsun. Sótthreinsa skal sameiginlega snertifleti og fylgja viðmiðum [um brif](#). Mikilvægt er að fylgja eftir þeim sóttvarnarleiðbeiningum sem eru í gildi hverju sinni.

## 2. Mega nemendur nota sameiginleg svæði í skólanum óhindrað?

Já. Nándarregla og fjöldatakmarkanir eiga ekki við um börn og ungmenni sem fædd eru eftir 2005.

## 3. Mega mótneyti í grunnskólum starfa með hefðbundnum hætti, óháð því hversu margir nemendur borða á sama tíma?

Já, en gæta skal að sóttvörnum. Nándarregla og fjöldatakmarkanir eiga ekki við um nemendur, en þær gilda um kennara og starfsfólk.

**4. Mega nemendur skammta sér sjálfir í matsal?**

Æskilegt er að hægt sé að skammta fyrir nemendur til þess að fækka sameiginlegum snertiflötum, en sé ekki hægt að koma því við mega nemendur skammta sér sjálfir.

**5. Hvað gerist ef upp kemur smit í grunnskóla?**

Viðbragðsáætlanir eiga að vera til staðar í öllum skólum. Leiðbeiningar þegar upp kemur smit vegna COVID-19 má finna [hér](#).

**6. Hvaða viðmið eru í gildi vegna heilsufars nemenda/starfsfólks s.s. vegna flensueinkenna?**

Grunnskólanemendur og starfsfólk grunnskóla eiga ekki að mæta í skólann ef þau:

- a. Eru í sóttkví, einangrun eða bíða niðurstöðu sýnatöku.
- b. Hafa verið í einangrun vegna COVID-19 smits og ekki eru liðnir 14 dagar frá útskrift.
- c. Eru með flensueinkenni (kvef, hósta, hita, höfuðverki, beinverki, þreytu, kviðverki, niðurgang o.fl.). Miðað er við að skólabörn og starfsfólk skuli vera hitalaus a.m.k. einn sólarhring áður en þau snúa aftur í skólann ef veikindi stafa af öðru en COVID-19.

Mikilvægt er að foreldrar skólabarna og starfsfólk í skólum hugi áfram vel að sóttvörnum og smithættu.

**7. Við hvaða kringumstæður er nauðsynlegt að nemendur í grunnskólum fari í sýnatöku vegna COVID-19?**

- a. Ef grunur leikur á að nemendur hafi komist í snertingu við COVID-19 smit, t.d. vegna umgengni við aðra sem eru með staðfest smit eða grun um slíkt þarf viðkomandi að fara í sýnatöku.
- b. Ef nemandinn er með einkenni s.s. kvef, hósta, hita, höfuðverki, beinverki, þreytu, kviðverki, niðurgang o.fl. og aðrir í fjölskyldunni eða nánasta umhverfi þess eru það einnig er einnig nauðsynlegt að viðkomandi fari í sýnatöku. Sé enginn annar í fjölskyldu eða tengslaneti leikskólabarns með slík einkenni er það mat heilbrigðisstarfsfólks hverju sinni hvort barnið komi í sýnatöku.

**8. Við hvaða kringumstæður er nauðsynlegt að nemendur í grunnskólum fari í sóttkví?**

Nemendur þurfa að fara í sóttkví, samkvæmt leiðbeiningum heilbrigðisstarfsfólks eða smitrakningarteymis, ef þeir hafa verið í tengslum við aðra, óháð aldri þeirra, sem greindir hafa verið með smit eða grun um smit.

Börn, einstaklingar fæddir árið 2005 eða síðar, eru almennt undanþegin sóttkví og skimun

## **15. september 2020**

vegna ferðalaga. En þau þurfa að fara í sóttkví ef:

- a) þau hafa ekki aldur eða þroska til þess að halda fjarlægð frá öðru heimilisfólk sem er í sóttkví. Þá þarf barnið að fara í sóttkví með öðru heimilisfólk.
- b) þau hafa ferðast með fullorðnum sem bíða niðurstöðu úr skimun á landamærum. Þetta á einnig við um eldri börn sem geta haldið fjarlægð frá öðru heimilisfólk. Bíða þarf niðurstöðu skimunar hjá ferðafélögum/heimilisfólkí áður en viðkomandi má mæta aftur í skólann. Á það einnig við um seinni skimun. Séu skimanir ferðafélaga/heimilisfólks neikvæðar má barnið mæta í skólann.

Sjá nánar í upplýsingum landlæknisembættisins um [heimasóttkví](#) og um [börn í sóttkví](#):

### **9. Hvað eiga foreldrar að gera ef þeir eru í vafa um hvort nemandi megi mæta í grunnskóla?**

Ef vafi er um hvort nemandi eigi að mæta í grunnskóla, s.s. vegna einkenna eða veikinda af einhverju tagi, umgengni við smitaða eða ef nemandinn hefur dvalist erlendis, ætti nemandinn að vera heima þar til haft hefur verið samráð við heilsugæslu í síma eða gegnum vefinn heilsuvera.is eða við rakningateymi eftir atvikum, og ákvörðun tekin um hið gagnstæða.

### **10. Er takmarkað aðgengi að skólabyggingum grunnskóla, s.s. fyrir foreldra/gesti/utanaðkomandi?**

Aðgengi að skólabyggingum er ekki takmarkað sé hægt að fylgja sóttvarnarráðstöfunum. Foreldrum/aðstandendum ber að virða fjarlægðarmörk og halda **minnst 1 metra** fjarlægð frá öðrum foreldrum og starfsfólk. Þetta á einnig við um aðra sem koma inn í skólabyggingar, til þess að sinna t.d. viðhaldi húsnæðis eða afhenda vörur.

Ákvarðanir um nánari útfærslu er á ábyrgð sveitarstjórna og skólastjóra. Mikilvægt er að fylgja eftir þeim leiðbeiningum sem eru í gildi hverju sinni.

### **11. Þurfa foreldrar og gestir að spritta hendur sínar við komu í grunnskólann?**

Mælst er til þess að allir gæti áfram ítrustu varúðar og hreinlætis við komu í skólabyggingar af tillitssemi við nemendur og starfsmenn skóla. Nánari útfærsla þessa er í höndum skólastjóra.

### **12. Á að halda úti aukaþrifum og sótthreinsun betta skólaár?**

Vegna sóttvarnarráðstafana er mikilvægt að halda áfram að huga mjög vel að hreinlæti. Almannavarnadeild ríkislöggreglustjóra hefur gefið út [viðmið um þrif](#).

## **15. september 2020**

**13. Er í lagi að halda teymisfundi, starfsmanna- eða deildarfundi starfsfólks? Má starfsfólk af ólíkum deildum fara saman í pásur og kaffítíma?**

Já, en gæta skal að lágmarksfjarlægð um minnst 1 metra fjarlægð á milli starfsfólks og gildandi reglum um hámarksfjölda í hverju rými.

Í stærri skólum er mikilvægt að huga að samgangi kennara og starfsfólks og leitast við að takmarka blöndun starfsfólks, t.d. milli húsa og starfseininga eins og kostur er. Þetta á ekki síst við ef smit eru í algeng í nærsamfélagi skólans.

**14. Mega tónlistarkennarar, sálfræðingar og kennsluráðgjafar fara á milli skóla og kenna nemendum í grunnskólum?**

Já, en mikilvægt er að þeir hugi að sóttvarnaráðstöfunum og fjarlægðartakmörkunum og nýti sem minnst sameiginleg rými í mismunandi skólum, s.s. kaffistofur og salernisaðstöðu. Starfsfólk sem sinnir viðkvæmum einstaklingum í návígí ætti að gæta sérstaklega að sér og leitast við að takmarka umgengni eins og kostur er. Sé ekki hægt að virða nándarreglu um minnst 1 metra fjarlægð milli fullorðinna skulu viðkomandi nota hlífðargrímu.

Nánari útfærsla þessa er í höndum fræðsluyfirvalda og skólastjórnenda.

**15. Er í lagi að halda viðburði innan grunnskólans og fara með nemendur í ferðir út fyrir skólann?**

Já, en gæta skal að hægt sé að halda lágmarksfjarlægð um minnst 1 metra á milli fullorðinna og gildandi reglum um hámarksfjölda einstaklinga í hverju rými. Tryggja þarf góðar sóttvarnir, s.s. með aðgangi að hreinlætisaðstöðu til handþvotta og spritti. Jafnframt er minnt að þvífa þarf skóla sérstaklega eftir slíka viðburði, sjá viðmið almannavarna um þrif.

**16. Hvað með foreldraviðtöl, foreldrafundi, skilafundi, starfsmannaviðtöl og skipulagsdaga – eiga þeir að fara fram með hefðbundnum hætti?**

Já, slíkir fundir og viðburðir geta farið fram með hætti en tryggja þarf að fullorðnir geti haldið minnst 1 metra fjarlægð sín í milli og ekki séu fleiri en gildandi reglur kveða á um í hverju rými.

**17. Starfa skólabókasöfn með hefðbundnum hætti?**

Já, en þar er mikilvægt að gæta að sóttvörnum, nándarreglum og fjöldatakmörkunum. Bent er á upplýsingar fyrir starfsmenn bókasafna sem nýtast ættu bæði í skólastofum og skólabókasöfnum.

**15. september 2020**

**18. Verða takmarkanir í gildi fyrir starfsþjálfun eða -nám og heimsóknir nemenda í 10. bekk tengt ákveðnum valfögum?**

Nei, en bæði nemendur og gestgjafar þeirra þurfa að huga að sóttvörnum og fullorðnir að gæta að nándarreglum og fjöldatakmörkunum.

**19. Hvað með fjölmennt félagsstarf skóla sem kallar á náið samneyti s.s., skólaslit, árshátíðir, vorhátíðir, vettvangsferðir, íþróttamót, skólaferðalög, sýningar og slíkt?**

Um samkomur gildir að fullorðnir þurfa að gæta að minnst 1 metra fjarlægð sín í milli og fara að viðmiðum um hámarksfjölda í hverju rými.

Þá er brýnt að tryggja aðgengi að aðstöðu til handþvotta og sótthreinsunar, og gæta fyllsta hreinlætis. Jafnframt er minnt á að þrífa þarf skólabyggingar sérstaklega eftir slíka viðburði, sjá nánar [viðmið um þrif](#).